

Guðmundur Finnbogason

- **F.** 6. júní 1873 á Arnarstapa, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, d. 17. júlí 1944.
- **Foreldrar:** Guðrún Jónsdóttir húsfreyja, f. 20. október 1843 á Belgsá í Fnjóskadal, Hálsahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, d. 3. júní 1900, og Finnbogí Finnbogason bóndi á Arnarstapa og síðar Barnafelli, Suður-Þingeyjarsýslu, f. 16. mars 1843 í Skáney í Reykholtssdal, d. 19. júní 1886.
- **Maki:** Laufey Vilhjálmsdóttir kennari og húsfreyja, f. 18. september 1879 á Kaupangi, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu, d. 29. mars 1960.
- **Foreldrar maka:** Sigríður Aðalbjörg Þorláksdóttir, f. 20. febrúar 1853 á Arnarvatni, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, d. 30. nóvember 1933, og Vilhjálmur Bjarnarson Bjarnar, trésmiður og bóndi á Kaupangi í Eyjafirði og á Rauðará við Reykjavík, f. 24. janúar 1846 á Eyjadalsá, Bárðdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, d. 22. mars 1912.
- **Börn:** Guðrún, f. 3. maí 1915, d. 2. janúar 1997, Sigríður, f. 17. september 1916, d. 2. september 1921, Vilhjálmur Alvar, f. 4. júní 1918, d. 14. desember 1969, Örn, f. 29. nóvember 1921, d. 3. febrúar 1987, Finnbogí, f. 8. janúar 1924, d. 3. apríl 2011, og Laufey, f. 20. júlí 1925, d. 23. maí 1928.

Námsferill:

- Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1896.¹
- Magisterspróf í heimspeki með sálfræði sem aðalgrein frá háskólanum í Kaupmannahöfn 1901.
- Nám í heimspeki með styrk úr sjóði Hannesar Árnasonar² í Kaupmannahöfn, París og Berlín 1908-1910.
- Doktorspróf (dr. phil.) frá Kaupmannahafnarháskóla 1911. Lagði stund á siðfræði, heimspekisögu og þekkingarfræði sem aukagreinar.

Starfsferill:

Eftirfarandi upplýsingar eru sóttar í svar Jörgens Pind á Vísindavefnum við spurningunni: „Hver var Guðmundur Finnbogason og hvað gerði hann merkilegt?“

Að loknu meistaraþrófi [1901] fékk Guðmundur tveggja ára styrk frá Alþingi til að kynna sér skólamál á Norðurlöndum en á þessum árum voru íslensk skólamál í ólestri. Í lok ferðar sinnar um Norðurlöndin samdi hann bókina *Lýðmenntun* (1903) sem er höfuðrit í íslenskri skólasögu. Í bókinni mælir hann með skólaskyldu barna og unglinga og fjallar um þær kennslugreinar sem eru nauðsynlegar hverju barni. Athyglisvert er að Guðmundur leggur sálfræðilegt sjónarhorn víða til grundvallar í umfjöllun sinni, segir að nám barna og kunnátta kennara verði að taka mið af „þróunarlögum barnssálarinnar“.

Á árunum 1903–1905 var Guðmundur ráðunautur Alþingis og stjórnvalda um menntamál, ferðaðist um landið og gerði úttekt á fræðslumálum eins og rakið er í gagnmerku riti hans: *Skýrsla um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903–1904* (1905).

¹ Skólinn nefndist reyndar þá, allt til 1904, *Reykjavíkur lærði skóli* en var í daglegu tali nefndur *Reykjavíkurskóli*, *Lærði skólinn*, *Gamli skólinn* eða *Latínuskólinn*. Frá 1904 til 1937 var hann nefndur *Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík* í samræmi við breyttar áherslur í námsefni. Frá 1937 hefur skólinn borið heitið *Menntaskólinn í Reykjavík*.

² Hannes Árnason (1812-1879), prestur, heimspekingur og kennari við Prestaskólann í Reykjavík, stofnaði styrktarsjóðinn 1878. Styrkur var veittur úr honum sjötta hvert ár og stóð undir framfærslu styrkþegans, þrjá vetur við nám erlendis en fjórða árið átti hann að flytja fyrirlestra fyrir almenning um efni sitt í Reykjavík.

Árið 1905 samdi Guðmundur frumvarp til fræðslulaga sem var síðar samþykkt, með nokkrum breytingum, á Alþingi 1907.

Síðar segir í svari Jörgens Pind:

Guðmundur hóf að semja doktorsritgerð sína þegar dró nær lokum styrktímabilsins [þ.e. styrksins úr Hannesar Árnasonar-sjóðnum]. Hún bar heitið *Den sympatiske Forstaaelse*, „samúðarskilningurinn“, og er fyrsta íslenska doktorsritgerðin í sálfræði. Doktorsritgerðin er ekki mikil að vöxtum en þeim mun frumlegri. Í henni fjallar hann um hluti á borð við eftirhermun og samhljómun í sálarlífi fólks. Kenning hans er sú að skilningur manna á sálarlífi hvers annars sé „samúðarskilningur“ sem vakni við það að við skynjum sálarástand annarra og tökum það ósjálfrátt á okkur sjálf. Ef við sjáum mann brosa förum við sjálf ósjálfrátt að brosa, sorgmætt fólk kallar hins vegar fram sorg í huga okkar og við tökum á okkur fas hins sorgmædda, verðum álút og horfum niður fyrir okkur. Við höfum hneigð til að „keikjast með keikum og heykjast með hoknum“ eins og Guðmundur orðaði það í Hannesar Árnasonar fyrirlestrum sem hann flutti í Reykjavík veturinn 1910–1911. Fyrirlestrar Guðmundar þóttu tíðindum sæta og voru afar vel sóttir. Þeir komu út árið 1912 í bókinni *Hugur og heimur*.

Guðmundur varði doktorsritgerð sína við Kaupmannahafnarháskóla 27. september 1911. Alfred Lehmann (1858–1921), dósent í tilraunasálfræði við skólann og kunnur sálfræðingur á þessum árum, var annar andmælenda. Honum þótti mikið til ritmíðar Guðmundar koma og vitnaði iðulega til hennar í seinni verkum sínum. Doktorsritgerð Guðmundar kom út á frönsku — *L'intelligence sympathique* — árið 1913 og varð vel kunn meðal frönskumælandi sálfræðinga.³

Um svipað leyti og Guðmundur varði doktorsritgerð sína, 1911, var Háskóli Íslands stofnaður og þá um leið prófessorsembætti í heimspeki við skólann. Guðmundur sótti um, en Ágúst H. Bjarnason fékk stöðuna þótt formlega væri menntun þeirra sambærileg og báðir ugglaust jafn vel að starfinu komnir. Gerðist Guðmundur þá 1. bókavörður (aðstoðarlandsbókavörður) við Landsbókasafnið og gegndi því starfi til ársins 1915.

Árið 1918 var Guðmundur skipaður prófessor í hagnýtri sálfræði við Háskóla Íslands með sérstökum lögum og var staðan ætluð honum. Í lögnum segir að auk háskólakennslunnar skuli prófessornum „skylt að hafa á hendi vísindarannsókn á vinnubrögðum í landinu og tilraunir til umbóta á þeim“. Hugmyndir um hagnýtingu sálfræðinnar í þágu atvinnulífsins lágu í loftinu á þessum árum (Jörgen Pind, 2011). Um þau fræði hafði hann þá reyndar þegar skrifað tvær bækur, *Vit og strit* (1915) og *Vinnuna* (1917).

Guðmundur gegndi prófessorsstöðunni til ársins 1924 er hún var lögð niður í sparnaðarskyni. [!] Kennði hann fram að því meðal annars námskeið í hagnýtri sálfræði, námssálfræði og tilraunasálfræði og gerði sálfræðitilraunir með stúdentum, auk þess að sinna rannsóknum í vinnusálfræði.

Eftir að staða Guðmundar var lögð niður sneri hann sér að öðrum störfum, gerðist landsbókavörður. Lauk þar með beinum afskiptum hans af sálfræði þótt sálfræðilegra og heimspekilegra atriða gætti áfram víða í fjölþættum ritstörfum hans. Starfinu á Landsbókasafninu gegndi Guðmundur til loka starfsævi sinnar, 1943, og lést árið eftir.

Guðmundur var rektor Háskóla Íslands 1920-1921. Þá var hann ritstjóri *Skírnis* 1905-1907, 1913-1920 og 1933-1943.

³ Jörgen Pind hefur skrifað bók um ævi og störf Guðmundar sem nefnist *Frá sál til sálar*. Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 2006. Þar er fjallað ítarlega um hugmyndir hans og æviferil.

Félagsstörf, m.a.:

- Félagi í Vísindafélagi Íslendinga, féhirðir í fyrstu stjórn þess (1919-1921) og forseti 1925-1927
- Í menntamálanefnd 1921-1922.
- Í Menntamálaráði 1938-1943.
- Í stjórn Hins íslenska bókmenntafélags 1912 til dauðadags, forseti þess 1924-1943.
- Í stjórn Þjóðvinafélagsins 1923 til dauðadags.
- Forseti í Commission nationale islandaise de cooperation intellectuelle 1929 til dauðadags.

Viðurkenningar:

- Félagi í Kungliga vetenskaps och vitterhets samhället, Gautaborg, frá 1938.
- Heiðursfélagi Sambands ísl. barnakennara 1939.
- F.O.A. 1912.
- Riddari af Dannebrog 1922.
- Kommandör af Dannebrog 2. stigs.
- Kommandör af sænsku Vasaorðunni, 2. gráðu, 1930.
- Stórriddari af Fálkaorðunni 1934.

Ritstörf:

- Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur (1903). Kostnaðarmenn Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson. Sjá: <https://baekur.is/bok/000146955/Lydmmentun>. Sótt 1.7 2020. Bókin var endurútfengin 1994 af Háskólaútgáfunni í ritröðinni *Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu*. Ritstjóri Loftur Guttormsson. Inngangsorð ritar Ólafur H. Jóhannsson.
- Skýrsla um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903-1904 (1905).
- Lesbók handa börnum og unglíngum I-III (1907-1910) ásamt Jóhannesi Sigfússyni og Þórhalli Bjarnasyni. Útgefið að tilhlutan Landsstjórnarinnar. Reykjavík. Á kostnað „Unga Íslands“, 1907. Sjá: https://baekur.is/bok/000240860/Lesbok_handa_bornum_og. Sótt 21.1 2020.
- Den sympatiske forstaaelse (samúðarskilningurinn; doktorsritgerð). Köbenhavn og Kristiana. Gyldendalske boghandel. Nordisk forlag, 1911. Sjá ritfregn: <https://timarit.is/page/2326269?iabr=on#page/n72/mode/2up/search/%E2%80%A2Den%20sympatiske%20forstaaelse>. Sótt 21.1 2020. Sjá einnig grein Vernharðs Þorsteinssonar í *Ísafold*, 63. tbl. 14.10 1911 um ritgerðina og veitingu prófessorsembættisins í heimspeki við Háskóla Íslands: <https://timarit.is/page/3950087#page/n0/mode/2up>. Sótt 11.7 2020.
- Tvær embættaveitingar. *Ingólfur*, 9. árg., 47. tbl. 1911, bls. 186-187. Sjá: <https://timarit.is/page/2271962#page/n1/mode/2up>. Sótt 11.7 2020.
- Hugur og heimur: Erindi í tilefni af styrk úr sjóði Hannesar Árnasonar (1912). Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík, 1912. Sjá ritdóm Sigurðar Guðmundssonar í *Skírni* 1.12 1912, bls. 378-383: <https://timarit.is/page/2008523?iabr=on#page/n94/mode/1up/search/hugur%20og%20heimur>. Sótt 21.1 2020.
- Vit og strit. Nokkrar greinar. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík, 1915. Sjá ritfregn í *Skírni* 1.8 1915: <https://timarit.is/page/2009847?iabr=on#page/n110/mode/1up/search/vit%20og%20strit%20nokkrar%20greinar>. Sótt 21.1 2020.
- Vinnan. Reykjavík. Bókaverslun Sigmundar Eymundssonar, Reykjavík, 1917.

Sjá ritdóm Bjarna Jónssonar frá Vogu í *Skírnir* 1.8 1917, bls. 325-329:

<https://timarit.is/page/4650126?iabr=on#page/n102/mode/1up/search/vinnan%20gu%C3%B0mundur%20finnbogason>. Sótt 21.1 2020.

- Um viðhald íslenzks þjóðernis í Vesturheimi. Erindi flutt víðs vegar í byggðum Íslendinga í Vesturheimi. Winnipeg. Prentsmiðja Coumbia Press, Ltd., 1917. Birt í *Skírnir*, tímariti hins íslenska bókmenntafélags, 1. tbl., 91. árg., bls. 68-77. Sjá: <https://timarit.is/page/4649863?iabr=on#page/n83/mode/1up/search/um%20vi%C3%B0hald%20%C3%ADslenzks%20%C3%BEj%C3%B3%C3%B0ernis%20%C3%AD%20vesturheimi>. Sótt 8.7 2020.
- Þörfin á vinnuvísindum. Alþýðufræðsluerindi flutt á búnaðarnámskeiði á Hvanneyri, febrúar 1916. *Lögrétta*, 11. árg., 44. tbl., 20.9 1916. Sjá: <https://timarit.is/page/2278059?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/%C3%BE%C3%B6rfin%20%C3%A1%20vinnuv%C3%ADsindum>. Sótt 8.7 2020.
- Landið og þjóðin. Alþýðufræðsla Stúdentafélagsins. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. 90. árg., 1916, bls. 347-357. Sjá: <https://timarit.is/page/2010158#page/n37/mode/2up>. Sótt 8.7 2020.
- Lesturinn og sálarfræðin. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. 90. árg., 1916, bls. 17-31. Sjá: <https://timarit.is/page/2010034?iabr=on#page/n29/mode/2up/search/lesturinn%20og%20s%C3%A1larfr%C3%A6%C3%B0in>. Sótt 8.7 2020.
- Auglýsingar og sálarfræði. Í: *Um verzlunarmál*. Reykjavík, 1917. 19 bls.
- Um drengskap. Erindi fyrst flutt í Winnipeg 1. júní 1916. *Skírnir. Tímarit hins íslenska Bókmenntafélags*. 91. árg., 3. tbl., 1917, bls. 227-240. Sjá: <https://timarit.is/page/4650027#page/n3/mode/2up>. Sótt 8.7 2020.
- Vestur-Íslendingar. *Skírnir*, 91. árg., 1. tbl. 1917, bls. 68-77. Sjá: <https://timarit.is/page/4649853#page/n73/mode/2up>. Sótt 9.7 2020.
- Um slátt. *Búnaðarritið*, 32. árg., 1. og 2. hefti. Útg. Búnaðarfélag Íslands. Reykjavík, 1918, bls. 4-21. Sjá: <https://timarit.is/page/4970633?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/um%20sl%C3%A1tt%20gu%C3%B0mundur>. Sótt 9.7 2020.
- Frá sjónarheimi. Reykjavík, Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1918. Sjá ritfregn í dagblaðinu Fréttir, 2. árg. 187. tbl., 25.11 1918, bls. 2, undirrituð A.J. (að líkindum Alexander Jóhannesson). <https://timarit.is/page/2263744?iabr=on#page/n1/mode/1up/search/fr%C3%A1%20sj%C3%B3narheimi>. Sótt 2.7 2020. – Endurútgefin af Prentsmiðjunni Gutenberg. Reykjavík 1998.
- Dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði. *Skírnir. Tímarit hins íslenzka Bókmenntafélags*. 93. árg. 2. tbl., 1919, bls. 100-116. Sjá: <https://timarit.is/page/4650817#page/n5/mode/2up>. Sótt 9.7 2020.
- Sildarvinnan. *Ægir. Mánaðarrit Fiskifjelags Íslands*. 12. árg., nr. 8-9, ágúst-september 1919, bls. 93-103. Sjá: <https://timarit.is/page/4852948?iabr=on#page/n11/mode/2up/search/s%C3%ADdarvinnan%20gu%C3%B0mundur>. Sótt 9.7 2020.
- Ráðningarstofur. *Skírnir. Tímarit hins íslenzka Bókmenntafélags*. 94. árg., 2. tbl., bls. 109-126. Sjá: <https://timarit.is/page/4651163#page/n29/mode/2up>. Sótt 9.7 2020.
- Land og þjóð. *Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands* (1921). Sjá: <https://timarit.is/page/4912882?iabr=on#page/n1/mode/1up/search/land%20og%20%C3%BEj%C3%B3%C3%B0%20gu%C3%B0mundur%20finnbogason>. Sótt 2.7 2020.–

Endurútgefin af Menningarsjóði og Þjóðvinafélaginu með eftirmála Sigurðar Þórarinssonar. Reykjavík, 1968.

- Menntamálanefndarálit. I-IV. Reykjavík 1921-1922. 64+27+60+52 bls. [með próf. Sigurði P. Sívertsen].
- Mannkynbætur. *Andvari. Tímarit hins íslenska þjóðvinafélags*, 47. árg. Reykjavík. Prentsmiðjan Gutenberg, 1922, bls. 184-204. Sjá: <https://timarit.is/page/4322148?iabr=on#page/n4/mode/1up/search/mannkynb%C3%A6tur>. Sótt 2.7 2020.
- Veðurspá dýranna. *Eimreiðin*. 28. árg., 1. tbl. 1922, bls. 31-41. Sjá: <https://timarit.is/page/4819192#page/n33/mode/2up>. Sótt 9.7 2020.
- Tilhögun við fiskverkun. *Ægir. Mánaðarrit Fiskifjelags Íslands*. 16. árg., nr. 8-9, Reykjavík, ágúst-september 1923, bls. 137-142. Sjá: <https://timarit.is/page/4853787?iabr=on#page/n17/mode/2up/search/tilh%C3%B6gun%20vi%C3%B0%20fiskverkun>. Sótt 9.7 2020.
- Íslandske særtræk. Tre foredrag. *Dansk-íslandske samfunds smaaskrifter*, nr. 13. København. Dansk-Íslandsk forlag, 1923. Sjá: <https://timarit.is/page/7014956?iabr=on#page/n4/mode/1up/search/islandske%20s%C3%A6tr%C3%A6k>. Sótt 2.7 2020.
- Um andlitsfarða. *Iðunn: Nýr flokkur*. 8. árg., 1923, 1.-2. tbl., bls. 98-112. Sjá: <https://timarit.is/page/4719290#page/n103/mode/2up>. Sótt 9.7 2020.
- Fjárnætur og örlæti. *Iðunn: nýr flokkur*. 8. árg., 4. tbl. 1924, bls. 299-304. Sjá: <https://timarit.is/page/4719498#page/n59/mode/2up>. Sótt 10.7 2020.
- Vinnuhugvekja. *Eimreiðin*, 30. árg., 3. hefti, 1924, bls. 163-173. Sjá: <https://timarit.is/page/4820156?iabr=on#page/n33/mode/2up/search/vinnuhugvekja%20gu%C3%B0mundur>. Sótt 9.7 2020.
- Um Þórsdrápu. *Skírnir. Tímarit hins íslenska Bókmenntafélags*. 98. árg., 1. tbl., 1924, bls. 172-181. Sjá: <https://timarit.is/page/4652301?iabr=on#page/n181/mode/2up/search/um%20%C3%BE%C3%B3rsdr%C3%A1pu>. Sótt 10.7 2020.
- Stjórnarbót. Bókaverslun Ársæls Árnasonar. Reykjavík, 1924. Sjá ritdóm í *Eimreiðinni*, 31. árg., 1. tbl., bls. 85-87, 1925. Undirritaður Sv. S. (væntanlega Sveinn Sigurðsson sem þá var ritstjóri tímaritsins): <https://timarit.is/page/4820531?iabr=on#page/n88/mode/1up/search/stj%C3%B3rnarb%C3%B0t%20gu%C3%B0mundur%20finnbogason>. Sótt 2.7 2020.
- Vilhjálmur Stefánsson. Akureyri. Bókaverslun Þorsteins Jónssonar, 1927. Sjá ritfregn í *Eimreiðinni*, 33. árg., 3. hefti 1927, bls. 303-304. Undirritaður Sv. S. (Sveinn Sigurðsson ritstjóri): Sjá: <https://timarit.is/page/4821775?iabr=on#page/n112/mode/1up/search/vilhj%C3%A1lmur%20stef%C3%A1nsson%20gu%C3%B0mundur%20finnbogason>. Sótt 2.7 2020.
- Guðmundur Friðjónsson. *Vaka. Tímarit handa Íslendingum*. 3. árg., 2. hefti, júlí-september, 1929, bls. 129-160. Sjá: <https://timarit.is/page/4412030?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/gu%C3%B0mundur%20fri%C3%B0j%C3%B3nsson%20vaka>. Sótt 9.7 2020.
- Samlíf – þjóðlíf. Nokkrir þættir. Reykjavík. Útg. Skúli Skúlason, 1932.
- Íslendingar. Nokkur drög að þjóðarlýsingu. Reykjavík. Bókadeild Menningarsjóðs 1933. Sjá ritdóm í *Eimreiðinni*, 40. árg., 2. hefti 1934, bls. 234-236. Undirritaður Sv. S. (Sveinn Sigurðsson ritstjóri): <https://timarit.is/page/4829608?iabr=on#page/n144/mode/1up/search/%E2%80%A2%C3>

[%8Dslendingar.%20Nokkur%20dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20%C3%BEj%C3%B3%C3%B0arl%C3%BDsingu%20gu%C3%B0mundur%20finnbogason.](#) Sótt 2.7 2020. – Endurútgefin af Almenna bókafélaginu. Finnbogi Guðmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík, 1971.

- Úrræði. Nokkrar greinar um landsmál. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja, 1936. http://www.bokin.is/product_info.php?manufacturers_id=1525&products_id=33617. Sótt 21.1 2020.
- Mannfagnaður. Ræður og erindi. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja hf., 1937. Sjá ritfregn í *Skírnri, tímariti hins íslenska Bókmenntafélags*, 1 tbl. 1937, bls. 245-246, undirrituð Ó.L.: <https://timarit.is/page/4656156?iabr=on#page/n246/mode/1up/search/mannfagna%C3%B0ur.%20R%C3%A6%C3%B0ur%20og%20erindi>. Sótt 7.7 2020. – Bókin var endurútgefin og aukin að efni. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja hf., 1962. Sjá ritdóm Helga Sæmundssonar í *Alþýðublaðinu* 18.12 1962, bls. 8 og 13: <https://timarit.is/page/2254884?iabr=on#page/n9/mode/1up/search/mannfagna%C3%B0ur.%20R%C3%A6%C3%B0ur%20og%20erindi>. Sótt 7.7 2020.
- Huganir. Safn ritgerða eftir Guðmund Finnbogason. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja, 1943. Sjá ritfregn í *Nýjum kvöldvökum*, 7.-9. hefti 1943, bls. 135-136: <https://timarit.is/page/4788385?iabr=on#page/n52/mode/1up/search/huganir> Sótt 7.7 2020.
- The Icelanders. Reykjavík. Anglia. 1943. http://www.bokin.is/product_info.php?manufacturers_id=1525&products_id=6035. Sótt 21.1 2020.
- Einar Jónsson myndhöggvari. Útvarpsræða 11. maí 1944. *Skírnir*, 1. tbl. 1944, bls. 29-36. Sjá: <https://timarit.is/page/6520287?iabr=on#page/n43/mode/2up/search/%22gu%C3%B0mundur%20finnbogason%22>. Sótt 1.7 2020.
- „Þar hafa þeir hitann úr.“ Úrval úr ræðum, blaðgreinum og ritgerðum 1900-1920. Finnbogi Guðmundsson sá um útgáfuna. Reykjavík. Ísafold, 1974. Sjá umsögn Jóns Sigurðssonar í *Tímariti Máls og menningar*, 35. árg., 3.-4. tbl., bls. 267-269: <https://timarit.is/page/6287111?iabr=on#page/n0/mode/1up/search/%C3%BEar%20hafa%20%C3%BEir%20hitann%20%C3%BAr>. Sótt 7.7 2020.

Enn fremur þýddi Guðmundur all nokkrar bækur, ritaði fjölda greina um nýútkomnar bækur, einkum í *Skírnri*, tímariti hins íslenska Bókmenntafélags sem hann ritstýrði, með hléum, um langt árabíl sem fyrr getur. Þá hélt hann erindi fyrir einstök félög og almenning og lét sig fjölmörg mál varða í ræðu og riti. Því efni var að nokkru safnað saman í bókunum 1) *Úrræði. Nokkrar greinar um landsmál* 2) *Mannfagnaður. Ræður og erindi*. 3) *Huganir. Safn erinda eftir Guðmund Finnbogason*. og 4) „Þar hafa þeir hitann úr.“ *Úrval úr ræðum, blaðgreinum og ritgerðum 1900-1920*. Gerð er grein fyrir þeim bókum hér að framan.

Heimildir:

- Wikipedia https://en.wikipedia.org/wiki/Gu%C3%B0mundur_Finnbogason. Sótt 31.12 2019.
- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.
- Finnbogi Guðmundsson í Íslendingabók. Sótt 11.1 2020.
- Guðrún Jónsdóttir í Íslendingabók. Sótt 11.1 2020.
- Finnbogi Finnbogason í Íslendingabók. Sótt 11.1 2020.
- Laufey Vilhjálmsdóttir í Íslendingabók. Sótt 11.1 2020.

- Vilhjálmur Bjarnarson Bjarnar í Íslendingabók. Sótt 13.1 2020.
- Guðrún Guðmundsdóttir í Íslendingabók. Sótt 14.1 2020.
- Finnbogi Guðmundsson í Íslendingabók. Sótt 13.1 2020.
- Ritstjórar Skírnis. Sjá: https://is.wikipedia.org/wiki/Ritstj%C3%B3rar_Sk%C3%ADrnis. Sótt 1.7 2020.
- Einar Ól. Sveinsson: Guðmundur Finnbogason. Minningarorð. *Skírnir*, 1. tbl. 1944, bls. 9-28. Ritaskrá fylgir.
<https://timarit.is/page/6520277?iabr=on#page/n33/mode/2up/search/%22gu%C3%B0mundur%20finnbogason%22>. Sótt 16.1 2020.
- Menntaskólinn í Reykjavík. Saga. Wikipedia:
https://is.wikipedia.org/wiki/Menntask%C3%B3linn_%C3%AD_Reykjav%C3%ADk. Sótt 16.1 2020.
- Jörgen L. Pind. „Hver var Guðmundur Finnbogason og hvað gerði hann merkilegt?“ *Vísindavefurinn*, 9. ágúst 2011. <http://visindavefur.is/svar.php?id=60353>. Sótt 16.1 2020.
- Jörgen L. Pind: Frá sál til sálar. Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 2006.
- Hannes Björnsson og Jörgen L. Pind (2011): Sálfræði við Háskóla Íslands 100 ára. *Sálfræðiritið. Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 16. árg. Fylgirit 1. *Sálfræðiping 2011. Ráðstefnurit*. Erindi flutt í deild vísinda og rannsókna á þriðju ráðstefnu Sálfræðingafélags Íslands og Sálfræðideildar Háskóla Íslands 8. apríl 2011.
- Sigríður Ásta Vigfúsdóttir. Ágúst H. Bjarnason og fyrsta kennslubókin í sálfræði. Lokaverkefni til BS-gráðu. Sálfræðideild. Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, júní 2013. Bls. 39-40. <https://skemman.is/bitstream/1946/14752/1/BS-%C3%81g%C3%BAst%20H.%20Bjarnason.pdf>. Sótt 16.1 2020.
- Gardur.is, skrá yfir jarðsett fólk þar sem er að finna samantekt Jóns Vals Jenssonar um líf og störf Guðmundar, skrá yfir helstu rit og þýðingar.
https://www.gardur.is/einstakl.php?nafn_id=142315. Sótt 16.1 2020.
- *Árbók Háskóla Íslands. Háskólaárið 1939-1940. Fylgirit 2.2 1940*. Ritaskrá Guðmundar 1913- 1924, bls. 61-62. Sjá: <https://timarit.is/page/4918040#page/n63/mode/2up>. Sótt 8.7 2020.
- *Árbók Landsbókasafns Íslands 1944*. 1. árgangur. Reykjavík, 1945. Þar er að finna á bls. 79-88 ítarlega ritaskrá Guðmundar Finnbogasonar sem Finnur Sigmundsson landsbókavörður tók saman. <https://timarit.is/page/3133489#page/n77/mode/2up>. Sótt 16.1 2020.



Mynd tekin 1934 – sótt á Wikipedia



Myndasafn HÍ:

<http://myndasafn.hi.is/fotoweb/archives/5001-Myndasafn/myndir/H%C3%81SK%C3%93LA%C3%9ATG%C3%81FAN/Rektorar/Rektor%2010.jpg.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5001-Myndasafn%2F%3Fq%3Dgu%25C3%25B0mundur%2520finnbogason>